
ÁRDEGISBLAÐ LISTAMANNA

ESSENSISM

nefni eg þig Árdegisblaðið mitt. Eg ætla að móta þér barnsleg- ar hugsanir úr lífi draums og heimi raunveruleikans.


Eg bið vel fyrir hverri hetju, sem flytur þig inn á heimili þessa lands. Gerir þú gagn, verða drengirnir margir — og stúlkurnar munu trúa þér fyrir stjórnartaumunum.

Höfundur.

Fram til listarandans ber þú óskir þínar — ef þú vinnur vel, muntu fá svar. Annars verður þú að leita að réttum spurningum.

Nýjársdag 1925.

***Á nýársdag 1925 kom út** Árdegisblað listamanna. Útgefandi og ábyrgðarmaður var **Jóhannes S. Kjarval**. Hér er forsíða blaðsins, sem Kjarval skrifaði að öllu leyti sjálfur og fjallaði að verulegu leyti um arkitektúr, sem hann vildi nefna hlaðlist.*



***Árið 1910 kom út** ævintýrabókin Engilbörnin eftir Sigurbjörn Sveinsson. Kjarval hefur þá verið 25 ára og þetta var frumraun hans á þessu sviði.*



Á vinnustofu Kjarvals kenndi margra og ólíkra grasa, enda lagði hann ekki í vana sinn að fleygja hlutum, sem ef til vill var hægt að nota eins og fram kemur í viðtalinu við Þorvald Guðmundsson. Hér er hattur meistarans og sitthvað fleira, gamalt ílát eða kyrna með trégjörðum, skinnskór — og saltfiskur.

JÓHANNES S. KJARVAL

Skarphéðinskvæði

Kjarval fékkst nokkuð við ljóðlist; hann gaf út ljóðabækur og sérprentuð kvæði, svo sem **Sjálfblekungskvæði, Lóuna** og **Skarphéðinskvæði** — öll eru þau prentuð undir höfundanafninu **Giovanni Efrey,** sem hann notaði oft. Þessi kvæði málarans voru kannski ekki tekin mjög alvarlega, en margt er þar skáldlegt og nútímalegt.

Hversu svo nú
er hvers máttar,
margbráttað mál,
er fólk háttað?

Frá öllum áhugamálum
uppgjöf — værðarsvefn!
Á ísi hálum
yrkir smali. — Það er regn.

Hlýddu á húslestur,
rímnakveðandis rimmu.
Sagan gefur þér góðar nætur.
Skarphéðinn.

Áttabarningur,
ef hann rýkur upp;
sézt ekki fyrir.
Hver er andinn?

Sagan þolir ekki
að inni brennir þú, Kári;
fóstbróðir.

Plat og krónu — hlauptu í gegn.

★

Lét í minnipokann
ríkur sveinn,
hreinlyndur og einn.
Áfram með söguna.

Nýtt amboð
þeirra er eiga;
ekki að misnota,
vandinn mestur.

Óframur
bablar þó bæn.
Hérum rekur
vindur kross
á heiðnar hurðir.

Rúmbotn í náttúrunni
er hvíldar kross;
ríf'ðu upp með rótum
andvöku spross.

Annars láttu hann vera,
allt getur mold
að umbera.
Fagra fold.

★

Kross! Einkavopn andans
oflétt hlýtur þér, Skarphéðinn,
til einskis leika við öxi,
er því hvíld, Rimmigýgi.

Hafið hljótt —
þetta er úr Njálu;
hugarins fyrnindi!
Ég heyri mannamál.

Malkusareyra,
og van — van Goghs
á metaskálum
víg goðans
er þyngra og meira.

★

Áttvísars mjörglittur
festu sneiðina
en dönsuðu feluleik
hverrar æsku.

Svo hvatvirkur hugur
hendir á lofti orðin,
er í framhjá hlaup flýgur,
frækn, heyrngöfgum Skarphéðni.

Eldar allskonar anda,
yfir þýtur og kríngum,
æskuskýrslur ungmennis
eign moldar — og Skarphéðinn.

Gljúp og heyrin sýsla og sveitir
sjónvídd, orðhög — líka bláminn.
Flytur sig um ferhyrning
þangað, sem þú stóðst.

Eins þeim, sem er
óskarphéðnastur allra.

★

Hvílir Rimmigýgi,
hvílir Skarphéðinn.
Blunda fjarlægðum
víðfeðmar sveitir.
Anda djúpt heilhugum moldar,
himinsvíðáttum.

Blám og berangur — gnóum fjarska,
við öll og þið, sem hafið séð
íburðarmetnað íslenzra fjalla,
tannfagur hvít þök og tinda.

Og þeirra jökla, sem yrkja,
elfum og vötnum eilífra sanda.
valllendum — vorhug smalans
skýla, Skarphéðinn, karlmennsku þinni.

Milli svefns og vöku horfa skyggnir.
Í draumríki landsins
dottar fleirungi alls.
Fleirungi þess, sem var
og Skarphéðinn.

Því horfna, sem nemur, —
allshugarmann
yrkir samtíðarglaða sál
minningar um gróðurlausa mela.
Þetta eru nú orðin tún.

★

Spyrnti við fótum nú,
Skarphéðinn;
axlaðist jarðarmen;
titringur fer um sýslur-
líkt og mannsmynd fæddist
úr norðurljósum.

Bakgrunnur að vísu himinsblár.
Er mannsmyndin geymd
af nógri fjarlægð við gljúp jarðar
uppi í himinsplasti.
Þarna er fjörkippur!

Er þetta þú, Skarphéðinn?
Og öskur fjallsins — — —
og til hvers?
Og með Rimmigýgi!
Eg titra með fjöllunum.

Þú færð dukunarlegalítinn trékross
fyrir þetta, Skarphéðinn — í brjóstvasann,
hjá einhverjum velunnara.
Það verður bókað og auglýst á prenti

Þér eruð dýrðlegur maður, Skarphéðinn,
mikið höfðingsbragð var þetta, maður.
Guðdómseðlið lifir allt af sér,
meðan þú ert uppi, lagsi — og Rimmigýgi.

Þú óðst fram, — og tvíhendir Rimmugnýgi
til fjallsins — þetta er nú skapofsi.
Ekkert rolukast hér — og áfram með söguna,
og klaufst hana í herðar niður.

★

Hekla er að gjósa.